



## 113. fundur Stúdentaráðs

Fimmtudagur 8. ágúst 2024 kl. 18:00 í N102 og á Teams

### Fundaritari: Hanna Karin

**Mættir:** Silja Rún (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Bryndís, Karen Ósk, Rakel Rún, Una, Margrét Lillý, Jón Grétar, Brynjar, Páll, Kristbjörg, Kristjana, Inga María. (f.h. Alþjóðanefnd)

Fundur settur: 18:01

### Dagskrá 113. fundar Stúdentaráðs

#### 1. Nýnemadagar

- Silja Rún fór vel yfir dagskrána fyrir bæði þriðjudag og fimmtudag. Á þriðjudeginum er Magister, Kumpáni og Þemis. Á fimmtudeginum er Data, Stafnbúi, Reki og Eir. Dagskrána má finna inná unak.is þar sem dagskráin er vel sundur liðuð.
- Mikilvægt að formenn aðildafélaga hvetji stjórnina sína til að mæta og hjálpa til þann dag sem þau eiga að taka á móti sínum nýnemum. Hvert aðildafélag mætir um

morguninn og tekur á móti nýnemum, heldur stutta kynningu á sínu félagi og að lokum hjálpa til með grillið í hádeginu. Klukkan 15 báða dagana er SHA ratleikur og væri mjög gaman ef flestir gætu verið viðstaddir.

- Spurt var um hvort það yrði skjal þar sem stúdentar skrá sig á vaktir fyrir nýnemadaga. "Nei það verður ekki í ár"
- Föstudagurinn er einnig svipaður og hinir dagarnir en þá er grill aðeins fyrir skiptinemana. Um kvöldið verður síðan hittingur og hvetjum við stúdentaráð til að mæta og vera sýnileg fyrir þau.

## **2. Verklagsreglur SHA**

- Farið var yfir allar verklagsreglur. Samtals voru þetta 11 skjöl þar sem númer 12 fellur út.
- Verklagsreglurnar voru samþykktar einróma af stúdentaráði.

## **3. Önnur mál**

- Rakel Rún var með önnur mál sem snerist um að henni og Lilju Margréti fannst vanta verklagsreglur um hlutverk fulltrúa stúdenta sem sitja deildarfundi í háskólanum. Einnig að það sé t.d. sagt hvert hlutverk stúdentaráðs er til þess að styðja við bakið á þeim sem sitja ýmsa fundi.
- Silja sýndi stúdentaráði frá starfsáætluninni þar sem það hafi bæst við ein efnisgrein í viðbót frá því að hún var samþykkt í byrjun starftímabilsins.
  - o Starfsáætlunin var því borin aftur upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

Fundi slitið: 19:02